

Góður hópur með ferskar hugmyndir

„Glerbrot“ á Kjarvalsstöðum

Björg Örvar sýnir um þessar mundir málverk í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Björg Örvar kvað sér hljóðs með einþrykksmyndum í Gallerí Borg, síðastliðið haust og lenti þá eins og fleiri listamenn illa út úr verkfallinu. Því fór sú sýning fram hjá mörgum.

Hvað er ég að reyna að tjá? Ef það er liturinn, en málverk Bjargar eru óhlutkennd, þá skortir hann einhvern meiri sáfa. Ef það er formspil, þá er fyrir líttli festu að fara hjá Björgu í þeim efnum. Ef það er hins vegar könnun á þeim þáttum sem almennt lúta að möguleikum málverksins, þá nýtir Björg sér ekki



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

upp á hár hvað það er sem manni liggur á hjarta. Samt er mér ekki örgrannt um að þessi sýning hefði mátt bíða ögn svo hún yrði meistara sínum til meiri framdráttar.

Það er reyndar svo með fleiri sýningar í Nýlistasafninu að undanförmu, að þær skortir einhvern sannferðugan þunga og alvöru.

Ekki veit undirritaður af hverju þetta stafar en mál er að taka upp festulegri sýningaraðferðir því salarkynni bjóða upp á mun meira en flestir aðrir salir á höfuðborgarsvæðinu. Því segi ég: Burt með þennan leiðindadrunga úr safninu og upp með mórallinn. Til alls er að vinna.

HBR



Nú kveður Björg sér aftur hljóðs með olíulitum og stendur sýningin til 19. þessa mánaðar. Málverk Bjargar eru að mörgu leyti opin og fela í sér mikla möguleika, en um leið eru þau vandræðaleg og nokkuð stefnulaus. Það vantar í þau þá krefjandi spurningu sem hlýtur að liggja til grundvallar allri list: Hvers vegna er ég að þessu?

tækifærin sem miðillinn býður upp á.

Málverk Bjargar skortir m.ö.o. afgerandi stefnumið. Hvort sem slík stefna er fólgin í stefnuleysi, eða einhverju öðru, þá standa þessi málverk ekki ein og sér án einhvers markmiðs. Þau segja einfaldlega of lítið þar sem þau hanga á veggjum Nýlistasafnsins. Þetta táknar samt ekki

að Björgu Örvar skorti hæfileika. Hitt er nær sanni að hún er ekki búin að átta sig á því hvað hún þarf að gera list sinni til framdráttar.

Vissulega hafi verið til málárar sem voru lengi að átta sig á möguleikum sínum, þótt þeir hafi haft pata af innri tjáþörf sinni. Það er ekki allt unnið með því að vita

Betur má ef duga skal

Björg Örvar í Nýlistasafninu

Gler er efni okkar tíma; finlegt, stökkt, viðkvæmt, brothætt og hættulegt ef maður sker sig á því eða ef það stingst í mann. Það er einnig gagnsætt og hægðarleikur er að breyta því í spegil. Upp á síðkastið hefur glerið öðlast slíkar vinsældir að ekki dugir annað en tvo stóra sýningarsali til að sedja hungur borgarbúa í þetta óræða og dularfulla efni.

Glerbrot '85 heitir sýningin á göngum Kjarvalsstaða og standa að henni 9 glerlistamenn. Það eru þau Brynhildur Þorgeirsdóttir, Leifur Breiðfjörð, Lisbet Sveinsdóttir, Pía Rakel Sverrisdóttir, Rúrí, Sigríður Ásgeirsdóttir, Sigrún Ólöf Einarsdóttir, Steinunn Þórarinsdóttir og Søren Staunsager Larsen. Öll hafa þau misjafna afstöðu til glersins og beita það margvíslegustu brögðum til að aga undir myndhugsun sína. Sum nota glerið kalt en önnur heitt. Í sumum tilfellum er notað í verk unnin samkvæmt pöntun eða nytjahluti, en í annan stað er um frjálshugi og óháðan miðil að ræða.

Það er gleðilegt að sjá hve glerlistamenn íslenskir eru leitandi og lausir við að elta hvern annan. Það er ekkert sem bendir til þess að eitt sé þeim hjartfólgnara en annað. E.t.v. stafar þetta af ólíku upplagi og stefnu í námi og síðar vinnu. T.a.m. er Leifur Breiðfjörð fyrst og fremst gler-skurðarmaður og hefur hingað til unnið við steinda glugga. Sigríður Ásgeirsdóttir hefur hlotið svipaða menntun og haslar sér nú völl í þess háttar gluggagerð,

meðan Leifur fetar sig í átt til ýmissa afbrigða og útúrdúra eins og sjá má á dreka hans sem væntanlega mun prýða kaffistofu Kjarvalsstaða í framtíðinni. Báðir eru þessir listamenn á líkum miðum en ólíkt skapferli þeirra vísar þeim í gagnstæðar áttir.

Svipað má segja um Lisbet Sveinsdóttur sem einnig notar gler sem gagnsæjan og hálf gagnsæjan ljósgleypi (eða er réttara að tala um ljósmiðil?). Samt eru verk hennar gjörólík verkum hinna tveggja. Sigrún Ó. Einarsdóttir og eiginmaður hennar Søren S. Larsen vinna að glermunum sínum á sama verkstæði og við sömu skilyrði, í nánnum tengslum verklega sem hugmyndalega. Þrátt fyrir það eru verk þeirra af gagnstæðum meidi, reyndar eins og svart og hvítt á mælikvarða glerblástursins. Pía Rakel Sverrisdóttir umbreytir glerinu einnig með hjálp hita og kemst að ákveðnum, persónulegum niðurstöðum.

Þá nota Brynhildur Þorgeirsdóttir, Rúrí og Steinunn Þórarinsdóttir glerið fyrst og fremst sem efnivið til höggmyndagerðar. Útkoman er margslungin og fjölbreytt. Svo virðist sem þessir þrjú glerlistamenn leiti hver í sína átt og finni óskyldar lausnir sem hverjar um sig eru þó góðar og gildar og víkka út svið íslenskrar glerlistar. Það má með sanni segja að glerlistin leitist við að taka fólk með trompi og láti íslenskir listamenn nú kné fylgja kvíði með heilsteyptri og fjölbreyttri sam-sýningu. Hér er á ferðinni góður hópur með ferskar hugmyndir.


-HBR

Preyta

Norrænt gler í kjallara Norræna hússins

„Nordisk glas '85“ er önnur glersýningin sem sett er upp í Reykjavík, þessa dagana, en hún er í kjallara Norræna hússins og hefur að geyma verk eftir 54 listamenn frá öllum „stóru“ Norðurlandanna. Flestir eru frá Danmörku, en þar virðist glerlistin hafa náð mikilli fótfestu og varanlegri. Fjölmargir eru einnig frá Svíþjóð, en færri frá Noregi og Finnlandi. Við íslenska hópinn hafa þær bæst, Halla Haraldsdóttir, Svafa B. Einarsdóttir og Ingunn Benediktsdóttir, en þær sýna ekki á „Glerbrot“, glersýningunni að Kjarvalsstöðum. Þær Steinunn Þórarinsdóttir og Rúrí eru ekki með á sýningunni í Norræna húsinu og Pía Rakel Sverrisdóttir sýnir undir merkjum Dana. Að öðru leyti eru það sömu listamennirnir sem sýna fyrir hönd Íslands á báðum sýningum og er það góður hópur með fersk verk í pokahorninu.

Sýningin í kjallara Norræna hússins er yfirgripsmikil og stór, e.t.v. einum of stór fyrir salinn og of samanþjöppuð til að verka hvers listamanns fyrir sig njóti sín til fullnustu. Einhvern veginn verður þetta kraðak sem erfitt er



ad átta sig á og ekki hjálpar skorturinn á sýningarskrá, en hana vantar tilfinnanlega á svona fjólættaðri sýningu. Það eina sem fylgir er einblöðungur með nöfnum listamanna og niðurröðun þeirra eftir þjóðlöndum.

Hvort sem um má kenna slæglegum undirbúningi eða einhverju öðru, þá grípur þessi sýning manni ekki. Ýmislegt er þó vel gert þegar betur er að gáð, en heildarstemningu vantar. Það er engu líkara en norræn glerlist sé víðast hvar í kreppu, eða skorti eitthvert nýtt afl til að losa sig undan klafa ofurfágunar, en það virðast vera einkenni hennar nú á tímum.

Einhvern veginn finnst manni sem norræn glerlist megi muna fífil sinn fegurri. Í hana er komin einhver þreyta sem svekkir tjáningarmátt þessara muna. Of mikið er af tækifærislausnum og yfirborðsfrumleik sem eru einkenni ákveðins „manierisma“, án þess að bera með sér nýjan vaxtarbrodd.

HBR

E.t.v. er hans að leita í íslensku glerlistinni. Án þess að flíka þjóðrembulegum sjónarmiðum, virðist sem hin unga glerlist sem mætir okkur á Kjarvalsstöðum, hafi eitthvað það að geyma sem hina eldri og reyndari glerlist í kjallara Norræna hússins skortir. Vissulega eru undantekningar, s.s. frá Danmörku og Noregi. En frísklegir munir Tshai Munch og Ullu-Mari Brandtenberg ná ekki að lyfta upp sýningunni í heild, þótt framlag þeirra sé hrifandi.

Fólk er þó hvatt til að fara í Norræna húsið eins og á Kjarvalsstaði og athuga báðar glersýningarnar. Þótt ekki séu gangar Kjarvalsstaða ákjósanlegir til sýningahalds, ná íslensku glerlistamennirnir að yfirvinna grámann sem þar ríkir. Það er meira en frændum okkar tekst í kjallara Norræna hússins. Þó svo birtan vinni þar með þeim, auðnast þeim ekki að hefja sýninguna upp úr viðjum meðalmennskunnar.



LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í stækkun starfsmannahúss við Hrauneyjarfossvirkjun í samræmi við útboðsgögn 1401.

Verkið felur í sér gróft, fyllingu, uppsteypu og fullnaðarfrágang utanhúss og innan.

Helstu magntölur eru áætlaðar:

Gróftur	700 m³
Steypa	270 m³
Mót	1250 m³
Bendistál	780 kg

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 108 Reykjavík frá og með fimmtudeginum 23. maí 1985 gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 1.000.-.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Landsvirkjunar í Reykjavík, fyrir kl. 14.00 föstudaginn 7. júní 1985, en sama dag kl. 14.00 verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Reykjavík, 17. maí 1985.